

Nefndarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstpjónustu nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði), 181. mál

Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) vísar til fyrri umsagnar um sama mál þegar málið var lagt fram á 153. löggjafarþingi. Í athugasemdum ÍSP var m.a. sagt frá tilraunaverkefni um afhendingu almennra bréfa í Póstbox. Eins og fram kom í fyrri umsögn var ástæða þess að farið var út í þetta verkefni sú mikla fækkun sem orðið hefur á almennum bréfum á undanförunum. Tiltók ÍSP m.a. að ef vel tækist til þá gæti verið hagkvæmt að láta Póstbox koma í staðinn fyrir bréfabassasamstæður. Um leið þyrfti hvert og eitt lögheimili/atvinnuhúsnæði ekki að eiga sinn sérstaka bréfabassa. Með þessu fyrirkomulagi yrði einnig hægt að sameina dreifikerfi pakka og bréfa, en Ríkisendurskoðun hefur t.d. í úttekt sinni á ÍSP bent á sameiningu dreifikerfa sem mögulega hagræðingaraðgerð.

Umrætt tilraunaverkefni hefur verið í gangi síðan í vor í nánu samstarfi við íbúa Kópaskers. Í upphafi var gert ráð fyrir að fyrirtækið myndi að 6 mánuðum liðnum skila inn greinargerð um hvernig til hafi tekist til innviðaráðuneytisins og Byggðastofnunar. Verkefnið hefur almennt gengið vel og engin stór vandamál hafa komið upp við dreifinguna sem ekki hefur verið hægt að leysa í samstarfi og samvinnu við viðkomandi íbúa. Miðað við þá reynslu sem nú þegar liggur fyrir þá sér ÍSP samþættingu dreifinets pakka og bréfa með afhendingu í póstbox sem hentugri leið við dreifingu í framtíðinni, en uppsetningu sérstaks hólf/bréfabassa í Bréfabassasamstæðu fyrir hvert og eitt heimili á landinu. Í því sambandi nægir að nefna að í gegnum Póstbox er mögulegt að senda upplýsingar til viðtakanda um að hann eigi bréf í Póstboxinu sem og kóða sem notaður er til að opna viðkomandi lúgu. Hefðbundnar Bréfabassasamstæður, sem eingöngu væru notaðar til dreifingar á almennum bréfum myndu t.d. ekki bjóða upp á slíka lausn. Viðkomandi þyrfti alltaf að athuga reglulega hvort bréf hefði komið í sitt hólf. Í póstboxi þá er heldur ekki frátekið hólf fyrir hvern og einn. Um leið og sótt hefur verið í póstboxið þá losnar hólfíð fyrir aðrar sendingar.

Það mun hins vegar taka einhvern tíma að byggja upp nauðsynlega innviði til að bréfadreifing í Póstbox geti komið að hluta eða öllu leyti í stað núverandi dreifingar, auk þess mun þróun bréfamagns á komandi árum skipta miklu máli í tengslum við ákvörðunartöku um þróun dreifikerfis Íslandspósts. ÍSP telur því nauðsynlegt að í frumvarpinu verði tekin af allur vafi um að litið verði á Póstbox og bréfabassasamstæðu sem sama hlutinn þegar kemur að dreifingu almennra óskráðra bréfa.

Fyrirtækið hefur uppi áform, í samráði við Byggðastofnun, að gera tilraunir með dreifingu á almennum bréfum í Póstbox á fleiri stöðum á landinu, þar sem forsendur hafa mögulega skapast um sameiningu dreifikerfa pakka og bréfa vegna fækkunar bréfa.

Þá er einnig rétt að geta þess í þessu samhengi að um næstu áramót mun verða búið að setja upp 90 Póstbox sem staðsett verða víðsvegar um landið og gert er ráð að sett verði upp 30-40 ný Póstbox á árinu 2024.

Að lokum er rétt að nefna að ef gengið er út frá að um 150.000 heimili séu á landinu og að meðaltali hægt að hafa 30 hólfi í hverri bréfakassasamstæðu yrði heildarfjöldi bréfakassasamstæðna um 5000 á landinu öllu.

Virðingarfyllst

